

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 877/2003****2006/EES/15/05****frá 21. maí 2003****um að leyfa til bráðabirgða notkun sýrustillisins bensósýru í fódri (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema leyfi Bandalagsins hafi verið veitt fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni, sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE, sem tekur til sýrustilla, má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til notkunar í fódri, að uppfylltum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum, að það hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár.
- 3) Mat á umsókn um leyfi fyrir notkun á sýrustillandi efnablöndunni „bensósýru“ leiðir í ljós að skilyrðin, sem um getur í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt.
- 4) Notkun sýrustillandi efnablöndunnar „bensósýru“ skal því leyfð til bráðabirgða í allt að fjögur ár.

- 5) Vísindanefndin um fóður hefur, með vísan til tiltekinnna skilyrða, sent frá sér jákvætt álit um öryggi efnablöndunnar, sem er í flokknum „sýrustillar“, fyrir eldissvín.
- 6) Matið á umsókninni sýnir að krafist er tiltekinnna verklagsreglna til að vernda starfsmenn fyrir váhrifum af völdum aukefnisins „bensósýru“. Slík vernd er þó tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(3)</sup>.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Heimilt er að nota aukefnið „bensósýra“ í flokknum „sýrustillar“, sem um getur í viðaukanum, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2003 frá 5. desember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 25.3.2004, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilföðurs			
<b>Sýrustillar</b>								
E 210	Bensósýra	C <sub>7</sub> H <sub>6</sub> O <sub>2</sub>	Eldissvín		5 000	10 000		25.5.2007